



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 10.09.2013 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS) og Víctor Ingi Olsen (VIO). Ragnheiður Traustadóttir (RT) boðaði forföll. Auk þess sat Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1) Fundargerð síðasta fundar – samþykkt

2) Málafni sem frestað var á fundi aðalstjórnar 27.08.2013

a. Reglugerð og reiknilíkan afrekssjóðs

Aðalstjórn samþykkir fyrirbyggjandi reglugerð um afrekssjóð UMF Stjörnunnar. Við úthlutun fyrir árið 2014 verður farið eftir reglugerðinni í fyrsta sinn.

Farið verður yfir málin á næsta félagsráðsfundi og hert á reglum og skilyrðum varðandi úthlutanir fyrir árið 2014.

b. Rekstraráætlanir deilda

Rekstraráætlun handbolta kvenna fyrir nýhafið keppnistímabil liggur fyrir. Aðalstjórn samþykkir áætlunina sem gerir ráð fyrir tekjum 12,6 millj og kostnaði 11,3 millj. Gert er ráð fyrir að deildin ljúki uppgjöri á skuld vð aðalstjórn í lok árs 2015.

Umræður um fyrirkomulag áætlanagerðar og áhrif ýmissa þátta.

c. Mannvirkjanefnd

Ósk fimleikadeildar um nýtingu á mannvirkjum félagsins til gistingar.

Mannvirkjanefnd mun taka málið upp að nýju.

Athugasemd fimleikadeildar um ófullnægjandi aðstöðu fyrir starfsmann deildarinnar.

Aðalstjórn samþykkir að fundarherbergi í Stjörnuheimili verði afhent fimleikadeild til afnota þangað til annað verður ákveðið.

d. Endurskoðunarskýrsla og viðbrögð varðandi innra eftirlit

Aðalstjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra reglur um uppáskriftir reikninga og posanotkun innan félagsins í samræmi við fyrirbyggjandi tillögur endurskoðanda. Gert er ráð fyrir reglurnar verði samþykktar á næsta fundi aðalstjórnar.

e. Viðbrögð við bréfi Ríkisskattstjóra

Aðalstjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu og fylgjast með starfi nefndar ÍSÍ um skattamál.

f. Samfélagsdagur Stjörnunnar

Framkvæmdastjóri greindi frá ástæðum þess að fyrirhuguðum samfélagsdegi var frestað. Farið verður yfir málið á næsta félagsráðsfundi.

3) Önnur mál

- Erindi frá Braga H Magnússyni varðandi heimasíðu félagsins

Aðalstjórn vísar erindinu til ritara stjórnar sem mun ræða við bréfitara og hafa forgöngu um framhald málsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:25 Ritað PGr